

SIGURLAUG KNUDSEN

Fornt skrín kærast
veraldlegra eigna

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HRUND GAUTADÓTTIR

Biðlisti á sýningu
Kynjakatta

Mætir aftur með sigurköttinn Una Jógvan

FÓLK 22



Sumarbæklingur
Iceland Express fylgir
Fréttablaðinu í dag.

Iceland Express

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

16. febrúar 2009 — 41. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Orator 80 ára

Orator, félag laganema
í Háskóla Íslands, er
80 ára um þessar
mundir.

TÍMAMÓT 12



Í þjóðarhag

„Sú mynd sem Davíð hefur reynt
með aðstoð vikapilta sinna á
Alþingi að draga upp af sjálfum
sér [...] er sérlega ófyrirleitin,“
segir Guðmundur Andri Thorsson
í pistli sínum.

Í DAG 10

Mikil breyting

Bryndís Loftsdóttir
segir að mikil aukning
hafi orðið í sölu
matreiðslubóka.
Allir vilji nú læra
að elda sjálfir.

FÓLK 22



Ungir og góðir

Ungu strákarnir hjá
Man. Útd sáu um
að afgreiða Derby
í enska bikarnum
í gær.

ÍÞRÓTTIR 18



VEÐRIÐ Í DAG



VÆTUSAMT Í dag verða suðlægar
áttir 5-10 m/s í fyrstu en síðar
8-15. Rigning eða skúrir um mest
allt land. Hiti 3-10 stíg.

VEÐUR 4



STÆRSTA STUNDIN Teitur Örlýgsson vann sautján stóra titla sem leikmaður en segir fyrsta bikarmeistaratitilinn sem hann vann sem þjálfari Stjörnunnar í gær vera stærstu stundina á sínum ferli. Það leyndi sér ekki í fagnaðarlátum hans í leikslok.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjarnan og KR bikarmeistarar:

Óvænt úrslit í Höllinni í gær

KÖRFUBOLTI Karlalið Stjörnunnar og kvennalið KR urðu bikarmeistarar eftir skemmtilega úrslitaleiki í Subway-bikarnum í Laugardalshöll í gær, Stjarnan vann KR 78-76 en KR vann Keflavík 76-60. Eftir sigur kvennaliðsins í fyrri leiknum bjuggust flestir við sigurhátíð KR-inga í Höllinni en Stjörnumenn, sem voru að spila sinn fyrsta bikarúrslitaleik, voru á allt öðru máli.

Teitur Örlýgsson, þjálfari Stjörnunnar, hefur gert ótrúlega hluti með liðið síðan hann tók við því í desember og stýrði því nú til eins óvæntasta sigurs í sögu íslensks körfubolta.

Teitur hefur unnið 10 Íslands-meistaratitla og átta bikarmeistaratitla en sagði sigurinn í Laugardalshöllinni í gær vera stærstu stundina á sínum magnaða ferli.

- óój/ sjá síðu 18

Útgreiðslan skerðir atvinnuleysisbætur

Séreignarlífeyrissparnaður, sem fólk notar til að borga niður skuldir, skerðir atvinnuleysisbætur. Félagsmálaráðherra telur rétt að fara yfir reglurnar.

VINNUMARKAÐUR Atvinnulaust fólk sem er í greiðsluvanda og tekur út séreignarlífeyrissparnað, til dæmis til að greiða niður skuldir, getur átt von á því að útgreiðslan skerði atvinnuleysisbætur í þeim mánuði sem sparnaðurinn er tekinn út nema reglum verði breytt.

Sveinn Markússon handverksmaður er atvinnulaus. Hann átti séreignarlífeyrissparnað sem var laus til ráðstöfunar af því að hann fékk sparnaðinn í arf. Hann ákvað að taka út hluta af honum í janúar og aftur í febrúar. Hann fór á skrifstofu Vinnumálastofnunar í febrúar til að ganga frá atvinnuleysisskráningu sinni.

„Ég ákvað að nefna það að ég

hefði tekið sparnaðinn út til að fá hann ekki í bakið síðar. Minn réttur til að fá atvinnuleysisbætur núllast við þetta því að þetta eru tekjur hvernig sem þær eru tilkomnar,“ segir Sveinn og kveðst að auki ekki hafa getað skráð sig atvinnulausan út af sparnaðinum.

Sveinn minnir á að í undirbúningi sé að opna fyrir séreignarlífeyrissparnaðinn í landinu. „Vafalaust eru margir sem hafa áhuga á að nýta sér það til að bjarga húsum og börnum en átta sig ekki á því að þar með fyrirgera þeir sínum rétti til atvinnuleysisbóta.“

Hjá Vinnumálastofnun fást þau svör að allar tekjur geti haft áhrif á atvinnuleysisbætur, líka fjármagns-

tekjur. Almenna reglan sé sú að frítekjumarkið sé rúmar 52 þúsund krónur og fólk geti haft tekjur upp að því marki án þess að bæturnar skerðist. Séreignarsparnaðurinn eigi hins vegar ekki að hafa áhrif á atvinnuleysisskráninguna. Fólk geti skráð sig atvinnulaust þó það hafi þessar tekjur. Misskilningur hljóti að hafa orðið þegar Sveinn fékk þær upplýsingar.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir félagsmálaráðherra telur rétt að fara yfir reglurnar í ljósi aðstæðna svo samræmis gæti í þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin sé að beita sér fyrir. „Ég mun óska eftir því að þetta verði sérstaklega skoðað,“ segir hún.

- ghs

Kaupþing og Glitnir:

Búið að velja formenn fyrir bankaráðin

BANKAR Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að búið sé að óska eftir því við tvo einstaklinga að taka að sér formennsku í bankaráði Nýja Kaupþings og Nýja Glitnis.

Nýju formennirnir munu leysa af hólmi Magnús Gunnarsson hjá Kaupþingi og Val Valsson hjá Glitni sem völdu að segja af sér. Að sögn Steingríms var fyrir helgi undirbúið í fjármálaráðuneytinu að halda eigendafund til að ákveða skiptin með formlegum hætti.

„Ég vonast til að hægt verði að ljúka þessu fyrri hluta vikunnar,“ segir fjármálaráðherra sem kveðst ekki geta upplýst strax hverjir nýju bankaráðsformennirnir eru. „Menn þurfa tíma til að hugsa sig um,“ útskýrir hann.

- gar

Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, kannar árangur í heilbrigðisþjónustu:

Sumt tekst okkur að gera vel

HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA „Sumt tekst okkur að gera vel,“ segir Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, sem bendir á að árangur heilbrigðisþjónustu hér á landi sé með því sem best gerist í heiminum. Á Íslandi fer ekki allt úrskeiðis.

Í nýrri grein í Læknablaðinu er árangur íslenska heilbrigðiskerfisins á sviði krabbameins, kransæðasjúkdóma, augnsjúkdóma, astma, HIV-smits og

fleiri alvarlegra sjúkdóma borinn saman við heilbrigðisþjónustu í Evrópu og Bandaríkjunum, og kemur þá í ljós að á öllum þessum sviðum stöndum við í fremstu röð.

„Þetta stafar ekki bara af því að við höfum góða lækna, heldur líka af því hvað almenn fræðsla og þekking hér á landi er góð,“ segir Ólafur.

- gb/sjá síðu 6

muundu
eftir
mjólkinni!



Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur
SUBWAY
6 tommu bátur
349 kr.
Gildir í febrúar 2009
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

Áttu von
á gestum?
Svefnsofar
Betra BAK

SPURNING DAGSINS



Pálmi, verður þú með kút og kork í næsta þætti?

„Já, og líka í flotgalla á meðan þjóðarskútan sekkur.“

Pálmi Gestsson leikari lenti í sjávarháska þegar verið var að taka upp atriði í Spaugstofunni í síðustu viku. Mótur á bát sem Pálmi var í gaf sig og þurfti leikarinn að róa í land ásamt skipstjóranum.

HOLBROOKE OG KARZAI Erindreki Bandaríkjanna og forseti Afganistans.

Holbrooke í Afganistan: Stefnt að betri samskiptum

AFGANISTAN, AP Afgönsk stjórn-völd verða höfð með í ráðum þegar Bandaríkjastjórn endurskoðar hernaðarstarfsemi sína í landinu. Þeir Richard Holbrooke, nýskipaður erindreki Bandaríkjaforseta í Afganistan, og Hamid Karzai, forseti Afganistans, skýrðu frá þessu á blaðamannafundi í Kabúl í gær. Samskipti ríkjanna hafa verið stíð undanfarið. Ný stjórn í Bandaríkjunum, undir forystu Baracks Obama, hefur ekki farið dult með það álit sitt, að forseti Afganistans hafi ekki staðið undir væntingum.

Breytingar í kreppunni: Aukin sala á ilmvötnum

FÓLK „Fólk fer núorðið sjaldnar í gegnum Frihöfnina, sem hefur hingað til séð um stóran hluta ilmvatnssölunnar og við finnum fyrir því að Íslendingar kaupa því ilmvötnin sín meira hér í búðunum heima,“ segir Hildur Inga-dóttir, sölumaður hjá Terma. Talsverðar breytingar hafa orðið á snyrtivenjum kvenna í kreppunni. Þannig selst meira af ilmvötnum og ódýrari snyrtivörum en áður. Konur spara jafnframt við sig í handsnyrtingu og brúnkumedferðum og láta lengra líða á milli augnabránaplokkunar og fótleggjavax.

2

FRÉTTABLAÐIÐ

16. febrúar 2009 MÁNUDAGUR

Úrskurður áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar í máli séra Svavars Alfreðs Jónssonar:

Breytti ekki siðferðilega rétt

TRÚ Séra Svavar Alfreð Jónsson breytti ekki siðferðilega rétt þegar hann skírði stúlku á Akureyri í óleyfi föður hennar, að mati áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar. Greint var frá því í Fréttablaðinu 27. mars síðastliðinn að Svavar hefði verið kærður til lögreglu fyrir að skíra sjö ára stúlku, án þess að spyrja föður hennar. Svavar sagði þá að það væri venjan að spyrja báða foreldra, en í þessu tilfelli hefði hann látið framburð móður hennar duga. Móðirin tók þó fram að faðirinn hefði „sterkar skoðanir á þjóðkirkjunni og skírn“. Foreldrarinn fóru þá sameiginlega með forsjá barnsins og segir

áfrýjunarnefnd að prestinum hefði mátt vera ljóst að barnið bjó hjá föðurnum. Í ljósi sérstakrar stöðu þjóðkirkjunnar sé eðlilegt að prestar hennar líti til íslenskra laga þegar skorið sé úr um hverjir teljist forsjáraðilar barna, sérstaklega ef ástæða er til að ætla að annar forsjáraðili sé andvígur skírinn. Prestinum hafi borið siðferðileg skylda til að leita til föðursins. Skírn feli í sér að ástvinir séu hvattir til að ala barnið upp sem kristinn einstakling. Því megi draga í efa að það hafi verið stúlkunni fyrir bestu að taka skírn í andstöðu við föður sinn.

SÉRA SVAVAR ALFREÐ JÓNSSON í upphaflegri kærú sagði að presturinn hefði áður átt í samskiptum við föðurinn og hefði því verið fullkunnugt um hug hans til skírinnar.

Lóðarkaupandi segir áhættu nánast enga

Þorleifur H. Lúðvíksson, sem ásamt bróður sínum og föður kaupir þrjár einbýlishúsalóðir á Reynisvatnsá, segir fólk ekki átta sig á að því lítil fylgi áhætta eftir að skilmálum var breytt. Fyrir utan feðgana þáðu aðeins tveir aðrir lóðir.

SKIPULAGSMÁL „Það er engin áhætta í þessu lengur,“ segir Þorleifur H. Lúðvíksson, einn fimm sem þáðu einbýlishúsalóð á Reynisvatnsá úr síðasta hópi umsækjenda. Um 650 umsækjendur voru um 96 lóðir fyrir raðhús, einbýlishús og parhús á Reynisvatnsá í desember 2007. Þeir sem fengu úthlutun hættu flestir við þegar fór að síga á ógæfuhliðina í efna-hagsmálunum. Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar, segir að í fyrria hafi tvisvar verið reynt að endurúthluta óseldum lóðum. Eftir að borgaráð hafi í nómvember samþykkt hagstæðari greiðsluskilmála og lengri framkvæmdafrest hafi verið haft samband við um eitt hundrað umsækjendur sem enn voru eftir. Þá hafi þessar fimm einbýlishúsalóðir gengið út. Verð lóðanna er 11 milljónir króna sem er óbreytt frá fyrstu úthlutun. Hægt er að greiða tíu prósent út og afganginn á átta árum með fjögur prósent vöxtum og verðtryggingu. Auk Þorleifs, tryggðu bæði faðir hans og bróðir sér lóð við Haukdælbraut. Fyrir átti systir þeirra bræðra lóð við þessa götu. Þorleifur segist skilja að einhverjir telji þau fífldjörf á krepputímum en telur það byggt á þekkingarleysi. „Ég efast um að fólk hafi áttað sig á því að kvaðir á þessum lóðum hafa breyst mikið. Nú hafa menn tvö ár til að byrja að byggja. Útborgun er lítil og menn geta skilað lóðinni hvenær sem er og fengið það sem þeir hafa lagt

REYNISVATNSÁS Staðurinn er frábær og áhættan af lóðakaupunum nánast engin eftir að borgin breytti skilmálum segir bjartsýnn lóðarkaupandi á Haukdælbraut í Reynisvatnsá.

út endurgreitt með verðbótum,“ útskýrir Þorleifur. Fjölskylda Þorleifs á verktafyrirtæki og Þorleifur segir það vissulega koma til greina að byggja hús og selja. Hann hafi þó í huga að flytja með eigin fjölskyldu í húsið. Báðir búi bræðurnir þegar í hverfinu handan Reynisvatns og líki vel. Nýja svæðið sé frábært og margir þeirra sem sótt hafi um lóðir þar séu einmitt íbúar í Grafarholti. „Byggingarkostnaður hefur lækkað töluvert og ég tel mig geta

farið úr raðhúsi í einbýlishús fyrir svipað verð. Hugmyndin er sú að ef ég næ að selja íbúðina er ódýr- ar fyrir mig að byggja núna en það var fyrir hálfu ári. En ef íbúðar- verð lækkar mikið fæ ég minna fyrir íbúðina mína og þá fer ég einfaldlega ekki af stað,“ segir Þorleifur. Ágúst Jónsson segir að enn séu eftir liðlega þrjátíu lóðir á Reynisvatnsá. Búast megi við því að þær og lausar lóðir í Úlfarsárdal verði auglýstar fyrir páska.

FME og endurskoðendur: Opinbera ekki bankaskýrslur

EFNAHAGSMÁL Skýrslur endurskoðenda um starfsemi bankanna eru á hendi Fjármálaeftirlitsins og það svarar fyrir um hvort þær verða gerðar opinberar eður ei, segir Gylfi Magnússon viðskipta- ráðherra. „En að því er mér skilt telur FME ekki rétt að birta þær að svo stöddu vegna rannsóknar- hagsmuna.“ Þó kunni hlutar þeirra að verða kynntir almenningi. Gylfi telur mikilvægara að niðurstöður rannsókna séu kynntar, enda oft um trúnaðarmál að ræða. Enda sé ósanngjarnt að birta skýrslur þar sem fólk kunni að vera borið sökum, áður en málið sé fullrannsakað.

Erfitt að mynda stjórnmál: Livni útilokar samstarf með Likudflokknunum

ÍSRAEL, AP Tzipi Livni, utanríkisráðherra í fráfarandi ríkisstjórn Ísraels og leiðtogi Kadima-flokksins, sagðist í gær engan áhuga hafa á því að setjast í nýja ríkisstjórn með Benjamin Netanyahu, leiðtoga Likudflokksins. Frekar muni hún taka sér stöðu sem leiðtogi stjórnarandstöðunnar. Ekki var þó ljóst af orðum hennar hvort hún hafi verið að útiloka allt samstarf við Likud, eða hvort hún hafi verið að koma sér í betri samningsstöðu gagnvart Likud. Kadima fékk 28 þingsæti af 120 í þingskosningum í síðustu viku, en Likud fékk 27 þingsæti.

Gert að spara 2,6 milljarða: Landspítalafólk fái lægri laun

HEILBRIGÐISMÁL Landsspítalanum er gert að skera niður 2,6 milljarða af útgjöldum sínum á þessu ári. Þetta kom fram í frétt ríkisútlagsins í gær. Samkvæmt fréttinni var minnisblaði um niðurskurðinn dreift í síðustu viku á fundi sem Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítalans, hélt með fulltrúum stéttarfélaganna. Gert er ráð fyrir að stærsti hluti sparnaðarinnar náist með lækkuðum launakostnaði. Bæði verða laun lækkuð og stjórnendum sumum sagt upp og boðin önnur störf. Hugsanlegt er að gripið verði til frekari uppsagna. Haft er eftir formanni Félags hjúkrunarfræðinga að erfitt verði að skera niður án þess að skerða þjónustu.



Ef varahluturinn er til - þá er hann til hjá okkur.

Nýttu þér framúrskarandi þekkingu og þjónustu ásamt úrvalinu á stærsta varahlutalager landsins fyrir allar tegundir bíla.

Gerðu vel við bílinn þinn!

VARAHLUTIR 3 ÁRA ABYRGÐ



N1 440 1000

N1.IS

Framkvæmdastjóri Creditinfo ætlar að hringja í fjármálaráðherra í dag: Efins um rannsókn Seðlabanka

EFNAHAGSMÁL „Ég ætla strax á morgun [í dag] að hafa samband við Steingrím J. Sigfússon og fara yfir þetta með honum. Það er ekkert leyndarmál að ein af ástæðum þess hversu veikt við stöndum núna er þetta þekkingarleysi á vanskilum heimila, sem er í stofnunum eins og Seðlabankanum. Þar eru ekki þau tæki og töl sem þarf til að gera svona, hvað þá á tveimur mánuðum,“ segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo, sem heldur meðal annars utan um vanskilaskrá. Rakel vísar til fréttar blaðsins um viðamikla rannsókn Seðlabankans, sem miðar að því að taka saman gögn um fjárhag heimila og fyrirtækja; eignir, skuldir, tekjur og fleira. Fyrstu niðurstöður áttu að liggja fyrir um miðjan febrúar en hafa tafist um nokkrar vikur.

Bankinn ætlar sér um of, segir Rakel. „Við höfum grúskað í þessu í ellefu ár, en í svona verkefni myndum við samt kalla til færustu erlendu sérfræðinga sem völ er á og finna upplýsingarnar með einfaldari hætti.“ Hún hefur jafnframt efasemdir um dulkóðun gagnanna hjá Decode. Svo mikið magn af upplýsingum bjóði upp á sama magn af villum, þegar smíðuð eru reikniliðir. Spurður hvort Seðlabankinn hafi íhugað að leita til þeirra gagnabanka sem nú þegar eru til reiðu, segir Arnór Sighvatsson, aðalhaf- fræðingur Seðlabankans: „Það hafa allir slíkir kostir verið skoðaðir en þetta var niðurstaðan, að það væri fljótlegast og ódýrast.“ Kostnaðurinn sé þó óviss enn.

RAKEL SVEINSDÓTTIR Framkvæmdastjóri Creditinfo óttast að rannsókn Seðlabanka á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja taki lítið mið af kröfum sem fólk lendir fyrst í vanskilum með, svo sem fasteignagjöldum, hita og rafmagni, bifreiðatryggingum og meðlagi.

útborgun **0 kr.**

Nokia 3120

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir öllun
símatilboðum Nova.

Staðgreitt: 24.000 kr.



útborgun **0 kr.**

Sony Ericsson G502

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir öllun
símatilboðum Nova.

Staðgreitt: 24.000 kr.

Ekkert út og þú getur talað um allt og ekkert ... fyrir ekkert.

0 kr./mín.

Nova í Nova

Í alla sem þú þekkir og þekkir ekki hjá Nova!

14,50 kr./mín.

Í aðra farsíma og heimasíma

Lægsta verðið líka ef þú þarft að hringja annað en í Nova

3G farsímatilboðin gilda í áskrift og frelsi og þú getur flutt símanúmerið með þér til Nova.

0 kr. Nova í Nova: 1.000 mínútur í símtöl og myndsímtöl og 500 SMS og MMS á mánuði.

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald.

Staðgreitt: Þá þarft ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla og Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

GENGIÐ 13.02.2009			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	114,41	114,95
	Sterlingspund	166,26	167,06
	Evra	147,49	148,31
	Dönsk króna	19,789	19,905
	Norsk króna	16,768	16,866
	Sænsk króna	13,694	13,774
	Japanskt jen	1,2482	1,2556
SDR		170,69	171,71
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		182,8536	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

PRÓFKJÖR

VINSTRI GRÆN

Paul Nikolov sækist eftir fyrsta til þriðja sæti í forvali Vinstri hreyfingarinnar – Græns framboðs í Reykjavíkurborgardæmunum.





Kjartan Jónsson gefur kost á sér í 2.-4. sæti í forvali Vinstri hreyfingarinnar – Græns framboðs í Reykjavík.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

Valdimar Agnar Valdimarsson býður sig fram í 7. sæti í prófkjöri Sjálfstæðismanna í Reykjavíkurborgardæmunum.



Ferðamáti í borginni: **Flestir einir í bíl til vinnu**

SAMGÖNGUR Tæp 80 prósent fullorðinna Reykvíkinga fara einir í einkabílum til vinnu eða skóla samkvæmt niðurstöðu könnunar sem Umhverfis- og samgöngusvið borgarinnar lét gera. Um 66 prósent grunnskólabarna ganga í skólann.

Samkvæmt könnuninni fóru 76 prósent fullorðinna Reykvíkinga einsömul í einkabíl til vinnu eða í skóla. Um 73 prósent svarenda ferðuðust hins vegar með einkabíl þegar könnunin var gerð árið 2006.

Samkvæmt könnuninni nú fara 7 prósent svarenda gangandi til vinnu eða í skóla, 6 prósent með strætó, 2 prósent á reiðhjóli og 8 prósent sem farþegar í bifreið.

- kh

Fitna / SÍA

Allsherjaratkvæðagreiðsla

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa í VR, skv. 20. gr. laga félagsins.

Allsherjaratkvæðagreiðslan mun hefjast 23. febrúar nk. og henni lýkur kl. 12:00 á hádegi þann 11. mars 2009.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.vr.is eða með því að hringja á skrifstofu VR í síma 510 1700.

Kjörstjórn VR

Virðing Réttlæti

VR

4

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjármálaráðherrar G7-ríkjanna segja nauðsynlegt að taka höndum saman:

Hafna einangrun hagkerfa



TIMOTHY GEITHNER Utanríkisráðherra Bandaríkjanna í nýju hlutverki.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ar og það er nauðsynlegt að við störfum saman að því að glíma við þá," sagði hann við fréttamenn að fundarhöldum loknum.

Fátt nýtt kom fram á fundinum, sem snerist einkum um að staðfesta aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til. Yfirlýsingar voru gefnar um mikilvægi þess að örva efnahagslífið með fjárveitingum úr ríkissjóðum og lögð var áhersla á mikilvægi þess að setja verst staðu fyrirtækin í einhvers konar „einangrun“.

Ríkin í G7-hópnum eru Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Ítalía, Japan, Kanada og Þýskaland.

- gb

Sendiherrar hittu Steingrím: Ræddu hval og ferðamennsku

UTANRÍKISMÁL Sendiherrar Bandaríkjanna, Svíþjóðar, Bretlands, Þýskalands, Hollands, Frakklands og Finnlands afhentu Steingrími J. Sigfússyni sjávarútvegsráðherra skjal um hvalveiðar Íslendinga á föstudaginn.

Steingrímur segir að skjalið hafi ekki verið harðort. „Við þekkjum afstöðu þessara ríkja og það voru engar hótanir í þessu,“ segir hann.

„En svo var ýmislegt sagt. Sendiherrarnir vöktu til dæmis athygli á því að frá þessum sjö þjóðum kæmi um helmingur allra erlendra ferðamanna á Íslandi,“ segir Steingrímur.

- kóp

Læknar sýni ábyrgð og velji ódýrari lyfin

Íslendingar eiga Norðurlandamet í ávísun dýrra lyfja en heilbrigðisráðuneytið hyggst breyta því. Hækka á hlut sjúklinga í lyfjakostnaði en spara þeim fé með lengri skömmtum. Atvinnulausir og börn fá sömu kjör og aldraðir og öryrkjar.

HEILBRIGÐISMÁL Ný reglugerð, sem Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra hefur sett, á að leiða til eins milljarðs króna sparnaðar hjá ríkissjóði vegna lyfjakaupa.

Samanburður sem kynntur var á blaðamannafundi í heilbrigðisráðuneytinu í gær sýnir að íslenskir læknar velja ofast dýrustu blóðfitulækkandi lyfin og magalyfin en læknar í Svíþjóð, Noregi og Danmörku ávísa hins vegar miklu oftar ódýrari lyfjum. Ögmundur sagði ætlunina að beina greiðsluþátttöku hins opinbera í ódýrustu lyfin eins og á Norðurlöndunum.

„En við gætum að því að með þessum breytingum sé ekki gengið á fagleg sjónarmið. Sjúklingur sem þarf á dýru lyfi að halda fær það ef læknisfræðin kveður á um slíkt. Hins vegar á það sama, að sjálfsögðu, að gilda á þessu sviði eins og í umferðinni almennt að þegar við þurfum að komast á milli staða þá látum við fjölskyldubílinn nægja. Við notum ekki Rolls Royce nema hans sé sérstaklega þörf,“ sagði Ögmundur sem kvað lækna verða að sýna samstöðu með ráðuneytinu.

„Það er að myndast mjög breið þjóðarsamstaða um að við vinnum okkur út úr þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir. Og þá er höfðað til ábyrgðarkenndar allra – líka lækna að sjálfsögðu.“

Telji læknar nauðsynlegt að sjúklingur fái dýrari gerð lyfja þarf að sækja um undanþágu til Tryggingastofnunar.

Hlutur sjúklinga í lyfjakostnaði hækkar um tíu prósent. Þannig munu sjúklingar greiða allan lyfja-

ÖGMUNDUR JÓNASSON „Við erum að keyra í gegn um verstu kreppu sem Íslendingar hafa þekkt í hundrað ár og þá náttúrulega horfum við til allra þátta þar sem við getum sparað peninga og farið vel með þá,“ sagði heilbrigðisráðherra á blaðamannafundi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

Þegar við þurfum að komast á milli staða þá látum við fjölskyldubílinn nægja. Við notum ekki Rolls Royce nema hans sé sérstaklega þörf.

ÖGMUNDUR JÓNASSON HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

kostnað upp að 1.900 krónum og áttatíu prósent kostnaðar umfram þá upphæð og að 5.450 krónum. Sjúkratryggingar greiða svo það sem er umfram 5.450 krónur. Á móti kemur að nú verður hægt að ávísa hundrað daga skömmtum af þunglyndislyfjum í stað aðeins þrjátíu daga skammta áður og sömu-

leiðis má nú ávísa veirulyfjum og mígrenilyfjum í stærri skömmtum en þrjátíu daga. Var sagt að breytingin ylli óverulegri hækkun fyrir suma en verulegri lækkun fyrir aðra.

Ögmundur sagði sérstaklega litið til barna innan átján ára og til atvinnulausra með því að þessir hópar njóta eftirleiðis sömu kjara við lyfjakaup og aldraðir og öryrkjar. Sömuleiðis sagði hann þeim sem glíma við þunglyndi verða hlíf. „Ég tel að þetta sé gert á mjög ásættanlegum forsendum sem við náum með þessum markmiðum sem okkur er gert að gera samkvæmt lögum,“ sagði heilbrigðisráðherra.

gar@frettabladid.is

Bæjarfulltrúi vinstri grænna: Hvalveiðisinnar noti ekki bæinn

SVEITARFÉLÖG Ólafur Þór Gunnarsson, bæjarfulltrúi Vinstri grænna í Kópavogi, lýsir furðu sinni á að nafn sveitarfélagsins hafi verið notað í auglýsingaherferð fyrir hvalveiðum án undangenginnar umræðu.

„Slíkt ber ekki vott um góða stjórnsýslu. Alitámál af þessu tagi á að ræða opinskátt og án pukurs. Það er ólíðandi að utanaðkomandi aðilar geti með þessu móti fengið aðgang að nafni og merki bæjarins,“ bókaði Ólafur á bæjarstjórnarfundinum. Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks, hafnaði því að pukur hefði verið með málið.

- gar

ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

Jón Baldvin Hannibalsson: Ingibjörg Sólrún víki

STJÓRNMÁL Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, segir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, eigi að víkja fyrir næstu kosningar og axla þannig ábyrgð sína á efnahagshruninu.

Jóhanna Sigurðardóttir eigi að verða næsti formaður, en ætli Ingibjörg fram að nýju, gæti Jón gefið kost á sér.

Þetta sagði Jón á fundi Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur á laugardag. Jóhanna segist hins vegar styðja Ingibjörgu og Ungir jafnaðarmenn lýstu yfir í gær að þeir styddu formanninn líka.

- kóp

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

VEÐURSPÁ



HLÝINDI ÁFRAM Hann er lagstur í suðlægur áttir í dag og næstu daga og því leika mildir vindar um landsmenn. Hitinn á Norðurlandi á eftir að hækka töluvert enn og um miðja vikuna gætum við séð 10-12 gráðu hita norðan og austan til. Enda þótt búast megi við rigningu á Norður- og Austurlandi þegar liður á daginn verður úrkoman minnst á þeim slóðum.

Á MORGUN 10-15 m/s á vesturhellingi landsins annars 5-10.

MÍÐVIKUDAGUR 3-8 m/s

HEIMURINN

Alicante	16°
Amsterdam	7°
Basel	5°
Berlin	1°
Billund	1°
Eindhoven	6°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	4°
Gautaborg	-1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	20°
London	10°
New York	3°
Orlando	21°
Ósló	-7°
París	9°
Róm	9°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Veisla úr hafinu

... ódýrara í Nettó!



ÝSA Í RASPI, FORSTEIKT, 1kg

878 kr/pk.

NÝTT



FISKIBOLLUR 1kg

599 kr/pk.



ÝSUBITAR 1kg

797 kr/pk.



ÝSA 5 PUNDA ASKJA

1.599 kr/pk.



PORSKHROGN 200g

239 kr/stk.

ÓDÝRT



TÚNFISKUR Í VATNI 185g

149 kr/stk.



MAKRÍLL 125g

99 kr/stk.

KRABBAKJÖT 170g

299 kr/stk.



X-TRA HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 í pk.

199 kr/pk.

X-TRA FRANSKAR 1kg

296 kr/pk.

ÓDÝRT



GILDIR 16. - 18. FEBRÚAR

www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Ný verslun!

netto
- ódýrara en þú heldur

Birt með fyrirvara um prentvillur.

KJÖRKASSINN



Ætti Geir H. Haarde að biðjast afsökunar á þætti sínum í efnahagshruninu?

Já	78,9%
Nei	21,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á Jón Baldvin Hannibalsson að verða formaður Samfylkingarinnar?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Blaðamannafélagið verðlaunar fyrir góð störf í blaðamennsku á laugardaginn kemur:

Tólf tilnefndir til blaðamannaverðlauna

FJÖLMIDLAR Dórnefnd hefur komið sér saman um þrjár tilnefningar í þremur flokkum til Blaðamannaverðlauna sem afhent verða á laugardaginn kemur. Jóhann Hauksson, Sigrún Davíðsdóttir og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir eru tilnefnd til Blaðamannaverðlauna ársins 2008. Jóhann, sem starfar á DV, fyrir fréttaskrif og umfjöllun um mikilvæg þjóðfélagsmál. Sigrún fyrir pistla sína sem hún flutti í Speglinum og á Ríkisútvarpinu og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir fyrir vandaða og frumlega nálgun á fréttum á mbl.is. Þá eru einnig veitt verðlaun í flokkunum Rannsóknarblaðamennska ársins 2008 og Besta umfjöllun ársins 2008.

TILNEFNINGAR TIL BLAÐAMANNAVERÐLAUNANNA

Rannsóknarblaðamennska ársins 2008
Atli Már Gylfason og Trausti Hafsteinsson, DV, fyrir ítarlega og afhjúpanði umfjöllun um kynþáttafordóma meðal ungs fólks á Suðurnesjum og margvisleg áhrif þeirra.
Brynjólfur Þór Guðmundsson og Erla Hlynisdóttir, DV, fyrir ítarleg og samfelld skrif og greiningu á eftirlaunum ráðamanna og áhrifum eftirlaunafrumvarpsins.
Sigurjón M. Egilsson, Mannlíf og Bylgjan, fyrir vand- aðar og ítarlegar greinar um íslenskt efnahagsástand í Mannlífi, þar sem mál voru krufin með ítarlegri hætti en títt er í íslenskum fjölmiðlum. Samhliða stýrði Sigurjón útvarpsþætti á Bylgjunni, þar sem íslensk þjóðmál voru í brennidepli.

Besta umfjöllun ársins 2008
Baldur Arnarson, Morgunblaðið, fyrir greinaflokkinn Ný staða í norðri, þar sem farið var yfir þær náttúrufarslegu, efnahagslegu, félagslegu og pólitísku breytingar, sem hlýnun andrúmslofts og breytt staða á norðurlóðum hefur í för með sér.
Brjánn Jónasson, Fréttablaðið, fyrir upplýsandi og vel fram sett skrif um framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þar sem fjallað var um málið og aðdraganda þess.
Ragnar Axelsson og Öundur Páll Ragnarsson, Morgunblaðið, fyrir umfjöllun um virkjunarkosti á Íslandi. Þar voru dregnir fram með öflugri samvinnu texta og mynda kostir og gallar hvers virkjunarkosts um sig og málið sett í skipulagt samhengi.



Forval VG í Reykjavík

Kjörstjórn Vinstri grænna í Reykjavík auglýsir eftir frambjóðendum í 5 efstu sæti á framboðslistunum tveim í kjördæmunum Reykjavík norður og Reykjavík suður.


Framboðsfrestur rennur út kl. 17:00 þann 19. febrúar 2009.

Þeir sem gefa kost á sér skulu tilkynna það skriflega til kjörstjórnar í pósthólf 175/121 Reykjavík.

Þeir sem vilja stinga upp á frambjóðanda geri það einnig skriflega til kjörstjórnar og mun kjörstjórn þá leita eftir samþykki þeirra sem bent hefur verið á.

Allir þeir sem hafa áhuga á því að koma hugsjónum VG um kvenfrelsi, félagslegan jöfnuði, umhverfisvernd og friðarstefnu í framkvæmd eru hvattir til að gefa kost á sér.

Kjörstjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Reykjavík.



SÉRFRÆÐINGAR Í MEDALSTÓRUM FYRIRTÆKJUM

- Leit að heppilegum fyrirtækjum eða kaupendum.
- Verðmat fyrirtækja.
- Viðræðu- og samningaferli.
- Fjármögnun fyrirtækjaviðskipta.
- Gerð kaupsamninga og tengdra samninga.

Eftirfarandi fyrirtæki eru ekki til sölu, en við teljum þau áánleg fyrir rétta kaupendur. Upplýsingar ekki veittar í síma. Vinsamlega pantið tíma í síma 414 1200 eða með tölvupósti.

- Sölustjóri-meðeigandi óskast að FIAT umboðinu á Íslandi. Sjá nánar á www.kontakt.is.
- Stórt innflutnings- og framleiðslufyrirtæki með miklar erlendar skuldir, sem gert er ráð fyrir að verði afskrifaðar að hluta við eigendaskipti.
- Meðfjárfestir óskast við kaup á rótgrónu dönsku framleiðslufyrirtæki. Samþykkt kauptilboð, fjármögnun og áreiðanleikakönnun liggur fyrir. Viðkomandi þyrfti að leggja fram 20 millj. DKK.
- Ein þekktasta og elsta ísbúð borgarinnar. Ársvelta 50 mkr. EBITDA 8 mkr.

Fleiri góð tækifæri á **www.kontakt.is**

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 4, 7. hæð • Sími: 414 1200
Netfang: kontakt@kontakt.is • www.kontakt.is
Jens Ingólfsson rekstrarhagfræðingur, jens@kontakt.is
Gunnar Svavarsson viðskiptafræðingur, gunnar@kontakt.is
Brynhildur Bergþórsdóttir rekstrarhagfræðingur, brynhildur@kontakt.is
Höskuldur Frimannsson rekstrarhagfræðingur, hoskuldur@kontakt.is
Sigurður A. Þórðardsson hl., sigurdur@kontakt.is
Þórarinn Arnar Sævarsson, löggr. fasteignasali, tas@kontakt.is

globalM&A Iceland

Heilbrigðisþjónusta hér er í fremstu röð

Árangur í heilbrigðisþjónustu á Íslandi er með því sem best gerist í heiminum, þrátt fyrir að hún sé ekki sú dýrasta. Gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu, góð menntun lækna og góð þekking almennings ræður þar mestu.

HEILBRIGÐISMÁL Íslensk heilbrigðisþjónusta er í fremstu röð á heims- mælikvarða. Þetta kemur fram í nýrri grein í Læknablaðinu, sem fjórir íslenskir sérfræðingar hafa tekið saman.

„Þetta segir okkur til dæmis að ef þú færð hjartaáfall, þá væri best fyrir þig að vera annað hvort á Íslandi eða í Svíþjóð,“ segir Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, einn af höfundum greinarinnar.

Hann vísar þarna í alþjóðlega rannsókn á kransæðasjúkdómum, sem Íslendingar hafa tekið þátt í frá árinu 1982. Niðurstöður hennar sýna að Ísland, Svíþjóð og Noregur ná bestum árangri þegar skoðað er hve margir hafa lifað af áfallið.

„Varðandi krabbameinssjúkdóma, þá sýna krabbameinsskrár, sem haldnar eru í öllum löndum, að þegar skoðað er hve margir eru lifandi fimm árum eftir að þeir veikjast, þá kemur aftur í ljós að við erum ásamt Svíum í fremstu röð í Evrópu. Varðandi árangurinn koma Bandaríkjamenn víða einna best út, en skráningin er ekki eins traust þar því að erfitt er að fylgja fólki eftir.“

Í greininni í Læknablaðinu er einnig skoðað hvaða árangur hefur náðst hér á landi í baráttunni við augnsjúkdóma, og þá kemur í ljós að tekist hefur að draga til dæmis úr tíðni blindu vegna gláku frá því að vera með því hæsta sem þekkt- ist í Evrópu um miðja síðustu öld niður í þá lægstu í Evrópu.

Ólafur segir einkum þrennt skýra þennan góða árangur, þótt fleira megí væntanlega tína til að auki.



SUMT GERUM VIÐ VEL Íslenskir doktorsnemar við krabbameinsrannsóknir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÓLAFUR ÓLAFSSON

„Eitt er það hve gott aðgengi er að heilbrigðisþjónustu hér á landi, annað er að við eigum vel þjálfaða lækna og sérfræðinga, og svo er þetta ekki síst því að þakka að almenningur virðist vera mjög vel upplýstur og fylgist vel með.“

Hann vill einnig taka fram, að þótt margir séu oft að tönnlast á því hve dýr heilbrigðisþjónustan er hér á landi, þá hafi komið fram í

Hagtföindum á síðasta ári að í sam- anburði við aðrar OECD-þjóðir er Ísland í 10. til 11. sæti hvað kostnað hennar varðar.

„Þetta kom í ljós eftir að Hag- stofan fór að taka þetta saman á sama hátt og aðrar þjóðir, nefni- lega hvað varðar framlag af lands- framleiðslu til heilbrigðisþjónust- unnar.“

Auk Ólafs eru höfundar greinar- innar í Læknablaðinu þeir Gunn- ar A. Ólafsson, sem er sérfræðing- ur í heilbrigðisráðuneytinu, Jón G. Jónasson, prófessor í krabbameins- fræðum, og Friðbert Jónasson próf- essor í augnsjúkdómum.

- gb

Neytendur: Fæðuöryggi í sveitunum

Milliliðalaust nautakjöt



DR. GUNNI
neytendur@
frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is



NAUTAKJÖT Nú má panta það beint frá bændum.

ay-nautum. „Hugmyndin hjá okkur er að báðir hafi eitthvað upp úr þessu, við og neytandinn. Við höfum selt kjötið um allt Suður- land og til Reykjavíkur.“

Ýmislegt vinnst við svona beina sölu fyrir neytandann. Heildsal- inn og smásalinn hverfa úr myndinni og neytand- inn fær örugga og hreina vöru, án aukaefna. Góð stór frystikista er skilyrði

til að maður geti notað sér þessa þjónustu því lág- markspöntun er kvart-naut, um 40 kíló af kjöti (1.650 kr. jafnaðarverð á kíló og 66.000 kr. fyrir 40 kg). Nautgripunum er slátrað í sláturhúsinu á Helli og unnið af kjötiðnaðarmön- num þar í hinar ýmsu steik- ur og gúllas. Mest fer svo í nautahakk, um 20 kg af kvart-nauti. Kjötið er sent í lofttæmdum umbúðum til kaupandans eða hann sækir það á bæina. Friðrik segir algengt að nokkr- ar fjölskyldur slái saman í pöntun. „Þegar þetta er til í frystinum notar fólk þetta kjöt náttúrulega miklu frekar en að fara út í búð,“ segir hann.



HVERT STEFNUM VIÐ?

Fundarferð Rafiðnaðarsambandsins í febrúar 2009

staður	hvenær	hvar
Selfoss	þriðjudag 17. febrúar kl. 12.00	Hótel Selfoss
Reykjanesbær	miðvikudag 18. febrúar kl. 12.00	Flughótel
Reykjavík	fimmtudag 19. febrúar kl. 12.00	Grand Hótel
Reyðarfjörður	mánudag 23. febrúar kl. 18.00	Fjarðahótel

Á fundunum verður boðið upp á léttan málssverð.

FRAMTÍÐIN ER OKKAR



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS



5125050

Auglýsingasími



Mest lesið

Fjölskyldur fá ...

Skilvisir viðskiptavinir í Fjölskylduvild SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2008. Fjölskylduvild SPRON stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar og er án endurgjalds.

Skráðu fjölskylduna á spron.is og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

Nánari upplýsingar
Þjónustuver 550 1400 | spron.is



...endurgreiðslu!



Þjóðaratkvæðagreiðsla um Chavez í Venesúela:

Vill stjórna lengur

VENESÚELA, AP Íbúar Venesúela greiddu í gær atkvæði um stjórnarskrárbreytingu, sem myndi gera Hugo Chavez forseta og öðrum kosnum embættismönnum kleift að bjóða sig fram oft en tvisvar sinnum.

„Tíu ár eru ekki neitt, ég veit ekki hvað þeir eru að kvarta,“ sagði Chavez á laugardaginn. Hann benti á að Franklin Roosevelt hefði fjórum sinnum verið kosinn forseti Bandaríkjanna.

Kjörtímabil forsetans rennur út árið 2013. Hann vill fá lengri tíma til að ljúka við að koma á sósíalisma í landinu.

Gagnrýnendur segja lýðræðið í



BIÐRÖÐ Á KJÖRSTAÐ Íbúar í Venesúela greiða atkvæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hættu ef sami maður getur stjórnað landinu áratugum saman.

Atkvæðagreiðsla var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

- gb

Niðurlægði og misþyrmdi

Fyrirverandi fangavörður í Guantanamo lýsir fyrstu vikum starfseminnar. Öngþveiti var mikið, fanga-verðirnir ungir og hefndarhugur í þeim sumum.

BANDARÍKIN, AP Bandaríski hermaðurinn Brandon Neely segist hafa verið hræddur í janúar árið 2002, þegar hann tók á móti fyrstu föngunum sem komu til fangabúða Bandaríkjahers við Guantanamoflóa á Kúbu.

Honum hafði verið sagt að búast við illskeyttum hryðjuverkamönnum, og byrjaði á því að grípa harkalega í gamlan mann, sem var skjálfaði á beinunum, varpa honum niður á jörðina og reka andlit hans beint niður í steinsteypt plan.

Hann segir þetta aðeins fyrstu niðurlæginguna af mörgum, sem hann tók þátt í og varð vitni að á fyrstu dögum og vikum þessara illræmdu fangabúða. Nú vill hann segja frá öllu, upplýsa heiminn um sektarkennd sína og skömm vegna þess sem hann upplifði þegar bandarískir hermenn tóku á móti föngunum, sem taldir voru ýmist meðlimir í al-Kaída eða talíbanar.

Hann segir fyrstu vikurnar og mánuðina hafa einkennt af mikilli ringulreið. Búðirnar hafi verið settar upp í flýti og fyrstu fangarnir voru settir í búr, sem höfðu verið notuð áratug fyrr undir innflytjendur frá Haítí.

„Flestir okkar, sem fengust við fangana dags daglega, voru mjög ungir,“ segir Neely. Þeir hafi lítið sem ekkert vitað um ákvæði alþjóðlegra mannréttarlaga um meðferð fanga, þótt sumir hafi reynt að kynna sér þau upp á eigin spýtur.

Einungis fáeinir mánuðir voru liðnir frá árásum 11. september og hann segir að margir fanga-



BRANDON NEELY Gengur fram fyrir skjöldu og viðurkennir þátttöku í misþyrmingum á föngum Bandaríkjahers.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

varðanna hafi verið í hefndarhug. Misþyrmingar á föngunum segir hann hafa verið algengar, einkum barsmíðar og niðurlæging af ýmsu tagi.

„Ef Guantanamo hefur kennt okkur eitthvað,“ segir Jennifer Daskal hjá mannréttindasamtökunum Human Rights Watch, „þá er það mikilvægi þess að fara að reglum réttarríkisins.“

Bandaríkjaher segist þó hafa gert sér far um að tryggja að fangarnir fengju mannúðlega meðferð. Það hafi alltaf verið stefnan. Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur heitið því að loka búðunum innan árs, en óljóst er enn hvað verður um þá 245 fanga sem enn dvelja þar.

Neely er frá Texas og var fangavörður í Guantanamo í hálft ár. Hann var einnig eitt ár í hernum í Írak, en losnaði úr hernum á síðasta ári.

Nú starfar hann sem lögreglu maður í Houston og er einnig framámaður í samtökum bandarískra hermanna gegn Íraksstríðinu.

gudsteinn@frettabladid.is

ÚTSALA

ATH.

Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

Visco X dýna
Queen – 153x203
Áður 114.900. – **Nú 79.900**

Beauty Sleep
Queen – 153x203
Áður 89.900 – **Nú 79.900**

Box dýna – 140x200
Áður 64.900 – **Nú 49.900**



IQ-CARE
HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi
ÍSLENSK HÖNNUN

IQ-CARE Tilboð

King og Cal. King.
Áður 269.900. – **Nú 199.900**

Queen
Áður 189.900 – **Nú 149.900**

TAKMARKAÐ MAGN



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
2x90 x 200 cm. Áður 409.900

Nú 299.900

IQ-CARE



Sængur,
30% afsláttur,
Takmarkað magn
Sængurverasett
20% afsláttur



Sá nýjasti og besti frá Leggett
2x90 x 200 cm. Áður 684.900
Nú 499.000

20-25% afsláttur
af teppasettum
og húsgögnum
20% afsláttur
af svefnsófum



Óseyri 2

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Sjálfstæðismennirnir í kerfinu:

Eins flokks ríki

JÓN KALDAL SKRIFAR

Afsagnir Vals Valssonar og Magnúsar Gunnarssonar úr stjórnarformannsstöðum Nýja Glitnis og Nýja Kaupþings að eigin frumkvæði er lofsvert framtak. Báðir eru yfirlýstir sjálfstæðismenn og töldu sig auglýsilega ekki njóta óskoraðs umboðs og trausts eftir að flokkur þeirra hvarf úr ríkisstjórn. Þetta kemur skýrt fram í sameiginlegu afsagnarbréfi þeirra til fjármálaráðherra og þar stendur líka að brotthvarf þeirra sé með hagsmuni bankanna í huga.

Þrátt fyrir þessar afdráttarlausu yfirlýsingar Magnúsar og Vals hafa menn af báðum vængjum stjórnmálanna viljað lesa eitthvað allt annað út úr þeim. Hægra megin hafa sprottið fram ásakanir um pólitískar hreinsanir nýrrar ríkisstjórnar. Vinstra megin er kenningin sú að afsagnirnar séu hluti af tilraunum sjálfstæðismanna til að trufla uppbyggingarstarfið og skapa sér stöðu til að gagnrýna þær aðgerðir bankanna sem eru fram undan.

Báðar kenningar gera lítið úr heilindum Magnúsar og Vals, sem eru annálaðir sómamenn. Þeir hafa starfað með fulltrúum annarra stjórnmálaflokka í bankaráðunum og er umtalað að þar hafa ekki ráðið för önnur sjónarmið en hagsmunir viðkomandi banka.

Engin ástæða er þó til að efast um að flokksskírteini Magnúsar og Vals hafi vegið þungt þegar þeir voru fengnir til að taka að sér formennsku í bankaráðunum síðastliðið haust.

Ein helsta arfleifið átján ára valdasetu Sjálfstæðisflokksins er að hann hefur komið sínu fólki rækilega vel fyrir í hinu opinbera kerfi. Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna, fangaði þann veruleika ágætlega í viðtali við netmiðilinn Nei í síðustu viku: „Á Íslandi er vald sterks pólitífsks framkvæmdarvalds gríðarlega samtvinnað stofnunum og atvinnulífi. Þetta sjáum við einfaldlega á þeim ósköpum sem fóru í gang þegar Sjálfstæðisflokkurinn missti allt í einu völdin. Það er uppnám í öllu kerfinu hjá þeim því þeir eru hluti af risavöxnu neti embættismanna-, stofnana- og fjármálavalds sem nú hefur misst einn þáttinn fyrir borð, sem er ríkisstjórnin.“

Þessi sýn er síður en svo bundin við þá sem eru á öndverðum meiði við Sjálfstæðisflokkinn á stjórnmálasviðinu. Sá gamli íhaldsmaður Sigurður Línadal var á svipuðum slóðum og Steingrímur í grein sem hann skrifaði í Fréttablaðið á dögum. Þar velti Sigurður meðal annars upp þeirri spurningu hvort Sjálfstæðisflokkurinn væri „horfinn frá þeirri stefnu að takmarka miðstjórnarvald ríkisins?“ Benti hann á að fyrrverandi dómsmálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað seilst til áhrifa innan dómssvaldsins. Máli sínu til stuðnings nefndi hann skipun hæstaréttardómara 2003 og 2004, og skipun héraðsdómara 20. desember 2007. Í öllum tilfellum voru sérstakir flokkshestar Sjálfstæðisflokksins skipaðir þvert á álit umsagnaraðila.

Blaðamaður Lundúnablaðsins Times, Roger Boyes, líkir taki Sjálfstæðisflokksins á stjórnkerfinu við þá stöðu sem Pólland var í þegar kommúnistaflokkurinn fór frá völdum. Í grein sem hann skrifaði í netútgáfu blaðsins í janúar segir hann að Sjálfstæðisflokkurinn hafi stjórnað Íslandi áratugum saman eins og það væri eins flokks ríki. „Það verður að breytast“ var dómur hans.

Full ástæða er að ætla að heiðursmennirnir Magnús Gunnarsson og Valur Valsson hafi kosið að segja stöðum sínum lausum af þeirri einföldu ástæðu að þeir gera sér grein fyrir að það þarf að hleypa öðrum líka að. Mættu fleiri taka sér þá til fyrirmyndar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is ADSTÖÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

25% AFSLÁTTUR
Lakkrís + Classic

SKIPHOLTS APÓTEK

Skipholti 50b • 105 Reykjavík

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ömmi í annað sæti

Stig KR: Sigrún Ámundadóttir 18 (10 frák.), Hildur Sigurðardóttir 17 (11 frák.), Helga Einaradóttir

16 (8 frák.), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 13 (12 frák., 5 stolnir), Margrét Kara Sturlud. 6, Heiðrún Kristmundsd. 4, Guðrún Ámundad. 2.

Stig Keflavíkur: Bryndís Guðmundsdóttir 14 (8 frák.), Birna Valgarðsd. 11 (8 frák.), Pálína Gunn laugsdóttir 11, Marín Karlsdóttir 7, Svava Ósk Stefánsdóttir 7 (5 stolnir), Ingibjörg Vilbergsd. 5, Hrönn Þorgrímsd. 3, Rannveig Randversdóttir 2.

Enski bikarinn:

Derby-Man. Utd 1-4

Miles Addison - Nani, Darron Gibson, Cristiano Ronaldo, Danny Welbeck.

Everton-Aston Villa 3-1
Rodwell, Arteta (viti), Tim Cahill - Milner (viti).

Stærsta stundin á ferlinum

Stjörnumenn og KR-konur urðu bikarmeistarar í gær og sýndu að allt getur gerst í bikarúrslitum í Höllinni. „Dásamlegt íþróttahús,“ sagði Teitur Örlygsson.

KÖRFUBOLTI Karlalið Stjörnunnar og kvennalið KR sýndu það og sönnuðu að það getur allt gerst í bikarúrslitaleik í Höllinni, Stjörnumenn með því að vinna fyrsta sigur félagsins í sögunni á KR, 78-76, og KR-konur með því að vinna, með 16 stiga mun, Íslandsmeistara Keflavíkur, 76-60.

„Þetta er dásamlegt íþróttahús og mér líður mjög vel hérna inni,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari bikarmeistara Stjörnunnar, en hann hefur gert magnaða hluti með Garðabæjarliðið á tveimur mánuðum. „Þrátt fyrir allar góðu stundirnar og alla titlana þá held ég að þetta sé stærsta stundin á mínum körfuboltaferli og þá er meðtalið allt saman,“ sagði Teitur sem varð bikarmeistari í 8. sinn.

KR-liðið byrjaði vel með Jón Arnór Stefánsson í fararbroddi (10 stig á fyrstu fjórum mín.) en Stjarnan var komið yfir í lok fyrsta leikhluta. Stjarnan hélt síðan frumkvæðinu út leikinn, var 42-35 yfir í hálfleik og náði mest 11 stiga forskoti í þriðja leikhluta.

„Við vorum viðbúinir öllu og það kom okkur ekkert á óvart. Við gerðum mistök á hinum og þessum stöðum því annars hefðum við unnið leikinn með 30 stigum,“ sagði Teitur sem fékk frábæran leik frá bæði Justin Shouse og Jovan Zdravovski.

„Það er alveg draumur fyrir þjálfara að hafa svona leikstjórnanda. Hann hlustar á mig og ég get kallað á hann. Hann er sigurvegari fram í fingurgóma,“ sagði Teitur um Justin sem var með 22 stig og 9 stoðsendingar. Teitur var líka ánægður með Jovan sem var með 23 stig, 11 fráköst og 5 stoðsendingar. „Þetta var sætt fyrir hann því hann var látinn fara frá KR snemma árs í fyrra. Jovan er miklu betri leikmaður en ég hélt,“ sagði Teitur en auk þeirra Justins og Jovans þá spiluðu þeir Fannar Freyr Helgason, Kjartan Atli Kjartansson og Guðjón Lárusson mjög vel.

„Ég get ekki lýst því hvað ég er svektur. Við lentum í því að elta allan leikinn og það var ekki margt að ganga hjá okkur í dag,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR. „Alltaf þegar við vorum að



BIKARMEISTARAR Stjörnumenn fagna bikarsigri sínum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SIGUR Í HÖFN Jóhannes Arnason, þjálfari KR og Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði fagna í leiklok.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



gera okkur líklega til að taka yfir þennan leik þá komu þeir með stórar körfur. Þeir höfðu punginn í það að halda okkur í ákveðinni fjarlægð,“ sagði Benedikt sem þarf

nú að fara grafa að upp leikgleðina sem einkenndi KR-liðið fyrir í vetur.

Frábær byrjun og endir KR

KR-konurnar sigruðu Keflavík með 16 stiga mun, 76-60, í bikaúrslitaleik kvenna þar sem KR-liðið byrjaði leikinn frábærlega (komst í 20-3 eftir fjórar mín) og vann síðan síðustu átta mínútunar 22-6 eftir að Keflavík var búin að vinna sig inn í leikinn og ná að jafna í 54-54 þegar rétt tæpar átta mínútur voru eftir.

KR-ingarnir Helga Einaradóttir og Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir sýndu engin nýliðamerki í sínum fyrsta bikarúrslitaleik og átta báðar frábæran leik, sókn og vörn (saman með 29 stig og 20 fráköst). Sigrún Ámundadóttir lék mjög vel eins og áður í stóru leikjunum og gaf tóninn í upphafi leiks. Þá má ekki gleyma Hildi Sigurðardóttur sem stjórnaði leik liðsins af glæsibrag.

Keflavíkurliðið var aldrei í réttum takti, Bryndís Guðmundsdóttir lék best en lykilmennirnir Birna Valgarðsdóttir og Pálína Gunnlaugsdóttir klikkuðu á 18 af 23 skotum sínum og munar um minna.

ooj@frettabladid.is

Fiskikóngurinn

NÝR RAUÐMAGI (FRÁ ÓLAFSVÍK)

Sjósiginn Fiskur, Kinnar, Gellur og að sjálfsögðu Skatan góða!!

Fiskikóngurinn er
Fiskverslun sem gaman er að koma í :)

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Boltinn er hjá okkur!

Man. Utd. Inter

10. - 12. mars

Man. Utd. Aston Villa

3. - 5. apríl

Meistaradeildin

Verð á mann: **55.000 kr.**
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum og miði á leikinn.

Verð á mann í tvíbýli: **75.900 kr.**
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn og hótलगisting í tvær nætur með morgunverði.

Nánar á [expressferdir.is](#) eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Það var mikið um jafntefli í leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni: Man. Utd og Chelsea komust áfram

FÓTBOLTI Draumaúrslitaleikur Man. Utd og Chelsea í enska bikarnum gæti orðið að veruleika enda bæði lið komin í átta liða úrslit keppinnar og drógust ekki gegn hvort öðru í næstu umferð. Nicolas Anelka afgreiddi Wat-

ford með þrem mörkum og Man. Utd valtaði auðveldlega yfir Derby í enn einum bikarslag liðanna í gær. United lék með nokkuð af ungum og óreyndum strákum sem stóðu sig vel.

„Við höfum augljóslega mjög sterkan hóp,“ sagði fyrirliðinn Ryan Giggs sem var hæstánægður með ungu strákana. „Við erum enn að berjast á öllum vígstöðvum og því þurfum við á öllum þessum strákum að halda,“ sagði Giggs og stjórninn, Sir Alex Ferguson, tók í sama streng.

- hbg



UNGING OG HEITIR Nani var meðal þeirra ungu manna United sem skoruðu í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Vilt þú láta gott að þér leiða...

...með því að vera hluti af sterkri liðsheild sem vinnur markvisst að því að hjálpa landsmönnum að ná betri yfirsýn og auknum árangri í fjármálum og rekstri heimila?

Hlutverk Sparnaðar ehf. er að gefa einstaklingum leiðbeiningar um hvernig þeir geti náð jafnvægi í fjármálum heimilisins. Frá upphafi hefur Sparnaður ehf. unnið út frá hugmyndafræði Ingólfs H. Ingólfssonar með það að leiðarljósi að hjálpa heimilum að stórlækka hjá sér fjármagnskostnað. Sparnaður ehf. býður upp á uppgreiðsluþjónustu lána og hugbúnaðarlausnir s.s. heimilisbókhald,

útgjaldastýringu og neyslugreiningu. Nú þegar eru yfir 1.200 heimili sem nýta sér þjónustuþætti Sparnaðar ehf. sem stuðla að auknum sparnaði fyrir þjóðarbúið í heild sinni.

Sparnaður ehf. er umboðsaðili fyrir þýskt tryggingafélag að nafni Versicherungskammer Bayern (Bayern Líf á Íslandi). Versicherungskammer Bayern (Bayern Líf á Íslandi) á rætur sínar að rekja til ársins 1811 og er eitt af leiðandi tryggingafélögum Þýskalands. Versicherungskammer Bayern er tryggingafélag í eigu þýsku sparisjóðanna sem er ein traustasta

fjármálasamsteypa Þýskalands. Sparnaður ehf. býður Íslendingum lífeyristryggingasamninga í samkeppni við viðbótarlífeyrissparnað bankanna hér á landi. Samkvæmt þýskum lögum er Versicherungskammer Bayern (Bayern Líf á Íslandi) skylt að uppfylla ströng skilyrði um lífeyristryggingar og verða samkvæmt þeim að skila tryggingatökum sínum að lágmarki 2,25% ávöxtun. Þar af leiðandi er öryggið ávallt í fyrirrúmi. Viðskiptavinir geta leyst út samning sinn í formi ævilangs lífeyris.

Vegna aukinna umsvifa leitar Sparnaður ehf. að aðilum í eftirfarandi stöður:

1	1. Umsjónarmaður Útibú á Akureyri	Starfssvið	Helstu menntunar og hæfniskröfur
	Við leitum að traustum, metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingi sem hefur góða samskiptahæfni og nákvæm vinnubrögð.	■ Umsjónarmaður útibús ber ábyrgð á daglegri fræðslu, yfirumsjón ráðgjafa og eftirfylgni áætlana í samstarfi við framkvæmdarráð félagsins.	■ Framúrskarandi samskiptahæfni og samningatækni ■ Háskólagráða á sviði viðskipta- eða lögfræði ■ Leiðtogahæfileiki ■ Heiðarleiki, sterk siðferðiskennd og jákvæðni
2	2. Ráðgjafar Útibú á Akureyri	Starfssvið	Helstu menntunar og hæfniskröfur
	Við leitum að traustum, metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfni og temja sér nákvæm og góð vinnubrögð.	■ Ráðgjöf til einstaklinga ■ Eftirfylgni og þjónusta við viðskiptavini ■ Öflun viðskiptasambanda	■ Framúrskarandi samskiptahæfni og samningatækni ■ Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun á sviði viðskipta ■ Leiðtogahæfileiki ■ Heiðarleiki, sterk siðferðiskennd og jákvæðni
3	3. Umboðsmenn Landsbyggðin	Starfssvið	Helstu menntunar og hæfniskröfur
	Við leitum að traustum, metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfni og temja sér nákvæm vinnubrögð. Um er að ræða fullt starf og leitum við eftir ráða umboðsmann fyrir hvert af eftirtöldum svæðum:	■ Ráðgjöf til einstaklinga ■ Eftirfylgni og þjónusta við viðskiptavini ■ Öflun viðskiptasambanda	■ Framúrskarandi samskiptahæfni og samningatækni ■ Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun á sviði viðskipta ■ Leiðtogahæfileiki ■ Heiðarleiki, sterk siðferðiskennd og jákvæðni
	Egilsstaðir og nágrenni – Ísafjörður og nágrenni Húsavík og nágrenni – Hvammstangi og nágrenni Höfn í Hornafirði og nágrenni – Ólafsvík og nágrenni Sauðárkrókur og nágrenni – Selfoss og nágrenni Vestmannaeyjar.		

Starfsfólk Sparnaðar ehf. starfa með það að leiðarljósi að benda á leiðir fyrir heimilin í landinu til að stórlækka hjá sér útgjöldin og tryggja sér örugga afkomu á efri árum. Til þess að geta starfað við ráðgjöf hjá Sparnaði ehf. þurfa viðkomandi aðilar að gangast undir viðamikla kennslu sem líkur með hæfnisprófi í gegnum kennslukerfi Versicherungskammer Bayern (Bayern Líf á Íslandi) og Sparnaðar ehf. Þekkingu er viðhaldið með reglulegum námskeiðum og prófum.

Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd sendist á atvinna@sparnadur.is

> Hilarie Burton

„Ég var í skóla með stelpum sem gerðu grín að mér og notuðu hvert tækifæri sem gafst til að niðurlægja mig. Ég velti því stundum fyrir mér hvort þær myndu heilsa mér á götu í dag.“ Burton leikur Peyton í þættinum One Tree Hill sem sýndur er á Skjá einum í kvöld.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON VARÐ VITNI AÐ ANDSTYGGILEGU EINELTI:
„Well, maybe I should have.“

Ósköp eru Bretar vondir við Íslendinga. Fyrst keyra þeir efnahag okkar í þrot af því að við erum svo lítil þjóð og varnarlaus og nú henda þeir gaman að tryggum forystumönnum vorum.

Pegar Geir Haarde mætti í HardTalk á BBC í vikunni, fór það strax í bækurnar sem eitt andstyggilegasta sjónvarpsviðtal sögunnar. Sama hvar í flokki fólk stendur – þetta var agalegt. Fyrirverandi leiðtogi þjóðarinnar gerður að skömmustulegum krakka fyrir framan strangan breskan skólastjóra. Sem niddist á honum. En Geir varðist eins og hetja.

„Nei, herra minn góður, sama hvað þú segir ætla ég ekki að fara að biðja einn eða neinn afsökunar. Ekki nema nefndin sem ég skipaði segi að ég eigi að gera það. Nehei, ég ætla sko ekki að greina frá því hvort seðlabankastjóri hafi varað mig við efnahagshruninu, eins og hann segist hafa gert; það mál er privat á milli tveggja heiðursmanna og kemur öðrum ekki við. Ekki nema nefndin vilji vita það. Og nei, ég hef aldrei farið beinlínis í saumana á því hvers vegna sett voru hryðju-

verkalög á Íslendinga. Ég veit bara að það var ómaklegt og að ég er í fýlu við þennan Gordon Brown þarna. Nei, ég hef sko ekki talað við hann síðan. En eftir á að hyggja hefði það kannski verið málið.“

Þrátt fyrir þessi gamalkunnugu rök Geirs lét þáttastjórnandinn, Stephen Sackur, eins og hann væri ekki sannfærður. Hann hlýtur eiginlega að vera á mála hjá Baugi, fyrst hann er með þessi annarlegu sjónarmið. Til dæmis þegar Geir sagðist vona að núverandi ríkisstjórn myndi halda áfram efnahagsáformum fyrirverandi ríkisstjórnar. -Nei, hættu nú alveg, sagði þáttastjórnandinn þá í hneykslunartón. -Þér getur ekki verið alvara Geir? Þínar efnahagsáætlanir, sem leiddu þessar hörmungar yfir þjóðina? Skepna þessi Sackur.

Reyndar leynast Baugsmiðlar víða, því í sömu viku valdi Time-tímaritið Davíð Oddsson sem einn af þeim 25 mönnum sem hefðu lagt efnahag heimsins í rústir. Skömmu áður hafði Geir verið settur á svipaðan lista hjá Guardian. Þetta kallar maður einelti. Erlenda fjölmiðla setur svo sannarlega niður við svona málflutning.



MÁNUDAGUR



► 19.40 Arsenal – Cardiff, beint, STÖÐ 2 SPORT



► 21.00 Heroes SKJÁREINN



► 21.10 Osbournes STÖÐ 2 EXTRA



► 21.15 Sporlaust (Without a Trace) SJÓNVARPIÐ



► 22.10 Men in Trees STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Hanna Montana (21:26)
- 17.53 Sammi (12:52)
- 18.00 Kóalabréðurnir (76:78)
- 18.12 Herramenn (39:52)
- 18.25 Fréttaukinn Þáttur í umsjón Boga Ágústssonar og Elinar Hirst. (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Margt má læra með tímanum (Exploring Time) (2:2) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum. Þættirnir fjalla um síthvað í náttúrunni og hvernig nota þurfi mismunandi tímakvarða til að skilja það og skynja. Sumt sést á degi, annað á viku, þriðja á ári, stundum þarf að hafa heilar aldir undir til að skynja breytingar og jafnvel milljónir ára, til dæmis hvað varðar rek meginlanda.
- 21.15 Sporlaust (Without a Trace) (19:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives V) Þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar (e)
- 23.05 Spaugstofan (e)
- 23.30 Bráðavaktin (6:19) (ER) (e)
- 00.15 Kastljós (e)
- 00.55 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 Last Holiday
- 10.00 Charlotte's Web
- 12.00 Aquamarine
- 14.00 Last Holiday
- 16.00 Charlotte's Web
- 18.00 Aquamarine
- 20.00 Fallen. The Journey Annar hluti í hörkuspennandi og vönduðum þrileik um Aron sem er hálfur maður og hálfur engill.
- 22.00 14 Hours
- 00.00 Deja Vu
- 02.05 Loving Glances
- 04.00 14 Hours
- 06.00 Raise Your Voice

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego Afram!, Refurinn Pablo, Dynkur smáeðla, Doddi litli og Eyrnastór og Ævintýri Juniper Lee.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella (253:300)
- 10.15 Wipeout (5:11)
- 11.10 Ghost Whisperer (33:44)
- 12.00 Grey's Anatomy (16:17)
- 12.45 Neighbours
- 13.10 Just Like Heaven
- 14.45 ET Weekend
- 15.35 Galdrastelpurnar
- 15.58 A.T.O.M.
- 16.23 Íkornastrákurinn
- 16.48 Lalli
- 16.58 Doddi litli og Eyrnastór
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Neighbours
- 17.58 Friends (15:24)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.24 Veður
- 19.35 The Simpsons (8:22) Hómer vinnur mótörhjól í danskeppni og stofnar í kjölfarið mótörhjólaklíku. Hann stelar nafni annarrar klíku sem hefnir sín með því að nema Marge á brott.
- 20.00 American Idol (10:40) Nú er kominn tími til að finna áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna.
- 20.45 American Idol (11:40)

► 22.10 Men in Trees (18:19) Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna, Jack, sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.

22.55 Réttur (5:6) Ný leikin spennuþáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaflækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmennt sem starfa á lögmennsstofunni Lög og réttur.

- 23.40 Just Like Heaven
- 01.15 Uninvited Guest
- 02.55 Ginger Snaps 2. Unleashed
- 04.30 Men in Trees (18:19)
- 05.15 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.00 Sporting - Real Madrid Útsending frá leik í spænska boltanum.
- 14.10 PGA Tour 2009 Útsending frá AT&T mótinu í golfi.
- 17.40 Atvinnumennirnir okkar Ólafur Stefánsson.
- 18.15 World Supercross GP Sýnt frá mótinu sem að þessu sinni fór fram á Angel Stadium í Anaheim.
- 19.10 Ensku bikarmörkin 2009 Sýnt frá öllum leikjum umferðinnar í enska bikarnum og öll helstu tilþrífir skoðuð.
- 19.40 Arsenal - Cardiff Bein útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.
- 22.00 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
- 22.30 Þýski handboltinn Hver umferð gerð upp. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
- 23.00 UFC Unleashed Bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
- 23.45 World Series of Poker 2008 Allir bestu og snjöllustu pókerspilarnir í heiminum mæta til leiks.
- 00.35 Arsenal - Cardiff Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

SPORT 2 enski boltinn

- 17.15 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
- 17.45 Premier League Review Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.
- 18.45 PL Classic Matches Tottenham-Chelsea, 1997. Frábær leikur á White Hart Lane í desembermánuði 1997. Gianfranco Zola og félagar fóru á kostum í leiknum.
- 19.15 Portsmouth - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Premier League Review
- 22.00 Coca Cola-mörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaðætti.
- 22.30 West Ham - Man. Utd. Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.15 Vörutorg
- 17.15 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 18.00 Game Tívi (2:8) (e)
- 18.40 Charmed (21:22) (e)
- 19.30 Málefnið (3:4) Umræðuþáttur í beinni útsendingu í umsjón Sölva Tryggvasonar og Gunnhildar Önu Gunnarsdóttur.
- 20.10 One Tree Hill (4:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Lucas lendir í vanddræðum með liðið og Haley rannsakar hvarfið á Dan. Nathan getur ekki sætt við samband mömmu hans og Skills. Payton fær óvænta heimsókn í upptökuverði.
- 21.00 Heroes (10:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnátúrlegum hæfileikum. Hetjur falla þegar Arthur Petrelli lýsir yfir stríði gegn eiginkonu sinni, syni sínum og öllum sem standa með þeim. Hann sendir Knox og Flint á eftir Peter og Claire. Nathan bregður þegar hann kemst að því að pabbi hans er á lífi og að hann fari fyrir árásinni á heimsbyggðina.

21.50 CSI (5:24) Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildir lögreglunnar í Las Vegas. Maður er bundinn undir bíl og dreginn eftir götunni. Rannsóknardeildin telur að málið tengist afbrigðilegum kynlífsathöfnum og Grissom leitar hjálpar hjá gamalli vinkonu til að varpa ljósi á málið.

- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.30 Californication (2:12) (e)
- 00.05 Painkiller Jane (2:22) (e)
- 00.55 Vörutorg
- 01.55 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

JÓN HEIÐAR ANDRÉSSON ER VERSLUNARSTJÓRI, LEIÐSÖGUMAÐUR OG REKUR FERÐAFYRIRTÆKIÐ ARCTIC RAFTING ADVENTURES. HANN VEITIR GÓÐ RÁÐ VARÐANDI TÆKNIATRIÐI VIÐ HÖNNUN Á FATNABI FRÁ CINTAMANI. HANN SIGLIR KAYAK AF LÍFI OG SÁL OG ER GRÍÐARLEGUR ÁHUGAMAÐUR UM ÚTIVIST OG HVERS KYNIS ÆVINTÝRI.

TECNOSTRETCH PEYSA: DAÐI ULLARBOLUR: GUNNAR



CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVÍK, S. 517 8088

CINTAMANI LAUGAVEGI 94
101 REYKJAVÍK, S. 552 8090

WWW.CINTAMANI.IS

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

American Idol

Leitin að áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna er nú í fullum gangi í vinsælasta skemmtipætti veraldar. Þau Simon Cowell, Randy Jackson, Paula Abdul og Kara DioGuardi vinna nú hörðum höndum að því að fækka í hópi keppenda í Kodak-leikhúsinu í Hollywood. Niðurskurður hófst síðasta mánu- dag og þurftu þá margar vonar- stjörnurnar frá að hverfa strax eftir fyrsta umgang. Þeir sem eftir sitja bíða nú ákvörðunar dómnefndar. Hverjir komast áfram í undanúrslit American Idol? Ekki missa af æsi- spennandi þætti í kvöld.

► VIÐ MÆLUM MED

Málefnið

Skjár einn kl. 19.30

Málefnið er umræðubáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason og Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir fá til sín góða gesti og kryfja málin til mergjar. Að þessu sinni verður farið yfir stöðu fyrirtækjanna í landinu og framtíð verslunar og þjónustu.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin

06.40 Veðurfregnir

06.50 Bæn

07.03 Auðlindin

08.00 Morgunfréttir

08.11 Morgunstund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.03 Veðurfregnir

10.13 Stefnumót

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

13.00 Vött og breitt

14.03 Bak við stjörnurnar

15.03 Útvarpssagan: Svörtu hestarnir

15.30 Lostafulli listræninginn

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfregnir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Kvika

21.10 Lárétt eða lóðrétt

22.07 Veðurfregnir

22.12 Lestur Passíusálma

22.20 Ársól

23.10 Á tónsviðinu

00.07 Næturtdónar

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp

tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin /

Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun /

Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (125:260)

16.30 Hollyoaks (126:260)

17.00 Seinfeld (3:5)

17.25 E.R. (24:25)

18.10 Osbournes (1:10)

18.30 20 Good Years (9:13)

19.00 Hollyoaks (125:260)

19.30 Hollyoaks (126:260)

20.00 Seinfeld (3:5)

20.25 E.R. (24:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og lækna- amir fá nánast engan tíma til að taka ákvarð- anir upp á líf og dauða.

► 21.10 Osbournes (1:10) Eins og flest- um er kunnugt hefur mikið gengið á í lífi Os- bournes-fjölskyldunnar. Það er kominn tími til að rifja upp gamla og góða tíma þessara frá- bærur karaktera.

21.30 20 Good Years (9:13) Frumleg- ir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sam- mála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólíf- uð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ýtrasta.

22.00 Réttur Ný leikin spennubáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaffækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem starfa á stofunni Lög og réttur og er Logi Traustason þar fremstur meðal jafningja.

22.45 Cold Case (7:23)

23.30 Mad Men (9:13)

00.15 Sjáðu

00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

20.00 Hrafnaping Í umsjón Ingva Hrafnas Jónssonar.

21.00 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kol- brún Baldursdóttir sálfræðingur. Kynin og kynlíf er umræðuefnið en gestur er Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. Síðari hluti.

21.30 Í kallfæri Jón Kristinn Snæholm stjórnmálafræðingur ræðir um stjórnsýslu landsins.

Dagskrá INN er endurtekin um helg- ar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 Forandring på vej

10.25 Forandring på vej

11.00 DR Update - nyheder og vejr

11.10 21 Søndag

11.50 Aftenshowet

12.20 Reimers

13.00 Det lille hus på prærien

13.50 Nyheder på tegnsprog

14.00 DR Update - nyheder og vejr

14.10 Boogie Mix

15.00 Family Guy

15.30 Braceface

15.50 Pelles andejagt

16.00 Trolde-spejlet

16.15 Robotboy

16.30 Den travle by

17.00 Aftenshowet

17.30 TV Avisen med Sport

18.00 Aftenshowet med Vejret

18.30 Guld og grønne skove

19.00 Sporløs

19.30 Danskerne i krig

20.00 TV Avisen

20.25 Horisont

20.50 SportNyt

21.00 Kriminalkommissær Foyle

22.40 OBS

22.45 Ungdommens råskap / Raw Youth

NRK1

12.00 NRK nyheter

12.05 Berlin, Berlin

12.30 Viten om

13.00 NRK nyheter

13.05 Norge rundt

13.30 Walkabout

14.00 NRK nyheter

14.05 Par i hjerter

15.00 NRK nyheter

15.10 Dynastiet

16.00 NRK nyheter

16.10 Oddasat - nyheter på samisk

16.25 Tid for tegn

16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv

16.55 Nyheter på tegnspråk

17.00 Mikkes klubbhus

17.25 Vennene på Solflækken

17.40 Distriktsnyheter

18.00 Dagsrevyen

18.30 Puls

18.55 Si ja, bli min

19.25 Redaksjon EN

19.55 Distriktsnyheter

20.00 Dagsrevyen 21

20.40 Livet i Fagervik

21.25 Store Studio

22.00 Kveldsnytt

22.15 Inspektør Lynley

23.45 Nytt på nytt

1 SVT 1

12.25 På spåret

13.25 Melodifestivalen 2009

15.00 Rapport

15.05 Gomorron Sverige

15.55 Eldsjälar

16.25 Där ingen skulle tro att någon kunde bo

16.55 Sportnytt

17.00 Rapport med A-ekonomi

17.10 Regionala nyheter

17.15 Fråga doktorn

18.00 Kulturnyheterna

18.15 Regionala nyheter

18.30 Rapport med A-ekonomi

19.00 183 dagar

20.00 Diplomaterna

20.30 Öga mot öga

21.00 Marlene Dietrich

22.35 Kulturnyheterna

22.50 Skavlán

23.50 Nip/Tuck

00.35 Sändningar från SVT24

www.oryggi.is

Það hefði getað farið verr...

Endurnýjaðu öryggishnappinn án endurgjalds í febrúar og fáðu reykskynjara í kaupbæti.

Karl Kristinnsson? Sæll, þetta er hjá Öryggismiðstöðinni. Við erum heima hjá þabba þínum. Hann var að sjóða egg og gleymdi sér aðeins yfir fréttunum. Jú jú, það er allt í lagi með hann. Reykskynjarinn sem fylgdi öryggis- hnappnum gerði okkur viðvart. Það væri fínt ef þú gætir komið, honum er svolítið brugðið. Já, þetta hefði getað farið verr.

Öryggishnappur eldri borgara

Öryggishnappur – armband eða hálsmen

Þegar þrýst er á öryggishnappinn berast boð strax til vaktmiðstöðvar Öryggismiðstöðvarinnar.

Beintengdur reykskynjari

Öryggishnappnum fylgir reykskynjari sem er beintengdur vaktmiðstöð Öryggismiðstöðvarinnar.

Hringdu í 570 2400 og fáðu öruggari öryggishnapp!

HVAÐ SEGIR MAMMA?



„Hún á þetta alveg skilið. Hún er alveg ótrúlega dugleg. Ég hef aldrei vitað svona eða trúað að þetta væri til. Hún fórnar öllu fyrir þetta og æfir alla daga allan ársins hring nema jóladag og nýársdag. En hún hefði aldrei getað þetta ef hún hefði ekki fengið svona gott að borða.“

Sigríður Rut Sigurðardóttir móðir Ásdísar Hjalmsdóttur spjótkastara sem var eini íþróttamaðurinn sem fékk A-styrk frá ÍSÍ.

Nú vilja allir Íslendingar elda sjálfir

„Já, þetta er merkilega mikið. Bara í janúar og til 12. febrúar eru seldar 2.383 matreiðslubækur. Af fimmtán mest seldu bókum almenna listans eru sex matreiðslubækur,“ segir Bryndís Loftsdóttir, vörustjóri íslenskra bóka hjá Pennanum. Sé samband milli sölu matreiðslubóka og hve miklum tíma þjóðin eyðir í eld-húsinu heima hjá sér virðist sem landinn dvelji þar bróðurpart úr degi þessar vikunnar. Annað en í góðærinu þegar margir vildu borða eins oft úti og hægt var. „Aukningin er 54 prósent, frá því í desember, í sölu á matreiðslubókum. Silfurskeiðin, bók Nönnu Rögnvaldardóttur, trónir efst og Eldað í dags-ins önn eftir Stefaníu Valdísi



EEKKI HISSA Á AUKINNI EFTIRSPURN Nanna Rögnvaldardóttir er þessa dagana að ljúka við matreiðslubók þar sem nýtnin er í hávegum höfð.

Stefánsdóttur kemur sterk inn. Það er svo líka kannski að sýna þankaganginn sem er í gangi að bókinn Lærum að baka brauð er í öðru sæti listans,“ segir Bryndís. Nanna Rögnvaldardóttir segir að það komi sér ekki á óvart að matreiðslubækur seljist vel. „Fólk er auðvitað að leita að aðferðum til að spara og þá fer minna fyrir tilbúna matnum. Það vantar líka svolítið oft upp á kunnáttuna og fólk kvartar yfir því að kunna hreinlega ekki grunnaðferðirnar, jafnvel bara að sjóða egg. Þetta er verkunnátta sem hefur svolítið tapast síðustu árin og kannski hefur heldur ekki verið jafnmikil þörf á að kunna þetta,“ segir Nanna en þessa dagana er hún að klára matreiðslubók sem byggist á uppskriftum sem hún eldar sjálf heima hjá sér ofan í nánustu fjölskyldu.



MERKILEGA MIKIL AUKNING Bryndís Loftsdóttir segir að 54 prósentu aukning hafi orðið í sölu á matreiðslubókum frá því í desember.

„Þetta eru uppskriftir þar sem nýta má afganga og hreinlega það sem fellur til hverju sinni í ísskápnum.“

- jma

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT: 2. ágætt, 6. 999, 8. sigti, 9. þunnur vökvi, 11. tveir eins, 12. hroki, 14. iðja, 16. átt, 17. eru, 18. kvenkyns hundur, 20. frú, 21. truflun.

LÓÐRÉTT: 1. vilji, 3. klaki, 4. ófrægðarpappír, 5. skítur, 7. naggrís, 10. fálmi, 13. raus, 15. tré, 16. hlóðir, 19. bókstafur.

HEIÐAR JÓNSSON: KONUR MEGA SPARA EN VERÐA AÐ HIRÐA UM SIG

Handsnyrting og brúnku-meðferð eru á undanhaldi

„Ég hugsa að þetta sé tímabundin minnkun í aðsókn í handsnyrtingu, þetta kemur aftur. Konu sem fer í handsnyrtingu líður svo miklu betur með sjálfa sig,“ segir Heiðar Jónsson snyrtir. Samkvæmt lauslegri könnun Fréttablaðsins virðist sem aðsókn í handsnyrtingu og brúnkumeðferð hafi minnkað eftir hrun bankanna. Þær upplýsingar fengust hjá snyrtistofunum Laugum Spa, Helenu fögru, Snyrtistofu Ágústu og Nordica spa að konur létu lengra líða á milli vinsælustu meðferðanna, svo sem augnabránaþokkunar og fótleggjavax, og dýr andlitsböð og lúxusmeðferðir eru ekki eins vinsæl og áður. Ekki hefði viðskiptavinum fækkað sem vildu vaxmeðferð á fótleggi og plokka augabrána heldur reyndu konur að bíða lengur en áður með vaxið. Færri kæmu hins vegar og vildu láta sprauta líkamann í brúnum tónum eða láta setja á sig gervineglur.

Hins vegar seljast snyrtivörur jafn vel og fyrr og tvö stór snyrtivöruumboð, Forval og Terma, sem hafa umboð fyrir mörg þekktustu merkin, segjast ekki áður muna svo góða sölu í ilmvötnum. „Fólk er farið að fara sjaldnar í gegnum Fríhöfnina, sem hefur hingað til séð um stóran hluta ilmvatnssöluunnar og við finnum fyrir því að Íslendingar kaupa því ilmvötnin sín meira hér í búðunum heima,“ segir Hildur Ingadóttir, sölumaður hjá Terma. Guðrún Edda Haraldsdóttir, markaðsstjóri Forvals, segist hafa orðið vör við að fólk leiti einnig í ódýrari merki en áður. „Það kaupir kannski ekki minna af neinu, nema þá helst lúxuskræmunum en varalitirnir og farðinn eru frekar valdir úr ódýrari merkjunum en þeim dýrari.“



BREYTTAR VENJUR

Meira selst af ilmvötnum og ódýrari snyrtivörum í íslenskum verslunum. Konur spara við sig í snyrtingu. Heiðar Jónsson er viss um að þetta sé tímabundið ástand.

Heiðar snyrtir segir það ekki koma sér á óvart að fólk láti dýrar snyrtivörur mæta afgangi. „Ef við þurfum að spara eignum við að láta sparnaðinn sjást á ódýrari farða en passa að láta ekki sjálfa

umhirduna mæta afgangi. Þetta er bara eins og með bilinn manns – til að hann gangi þarftu að láta smyrja hann en þú bíður kannski með að sparsla upp í rispurnar.“

juliam@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLK

Meistari ljósvakans, **Ingvi Hrafn Jónsson**, heldur áfram að koma á óvart með því að bjóða til sín gestum sem í gegnum tíðina hafa verið langt því frá að vera við hans skap. Þannig var Ólafur Ragnar Grímsson gestur hjá honum í Hrafnabíngi á dögunum og var til þess tekið hversu kurteisir þeir voru hvor í garð annars þótt fúkyrðaðlaumurinn frá Ingva í garð forsetans hafi oft verið ærinn. Í dag verður gestur Ingva maður sem ekki hefur verið í náðinni hjá honum, nefnilega fjármálaráðgjafi Steingrímur J. Sigfússon, og verður fróðlegt að fylgjast með spjalli þeirra.

DV birti í síðustu viku fréttir um að **Jón Axel Ólafsson** hafi keypt Eddu útgáfu sem áður var í eigu Björgólfs Guðmundssonar. Jón Axel hefur verið markaðsstjóri á Morgunblaðinu sem undanfarið hefur verið rekið með fimm milljónum króna tapi á dag á kostnað ríkisins. Burðarásinn í útgáfu Eddu hefur verið útgáfa Andrésar andar blaðanna og í fyrsta skipti frá því að sú útgáfa fór af stað, þá undir stjórn Péturs Más Ólafssonar, hefur það dregist að koma blöðunum til áskrifenda. En segir ekki einhvers staðar að fall sé fararheill?

Knattspyrnufélag Reykjavíkur heldur upp á 110 ára afmæli sitt í KR-heimilinu í dag. Mikið verður um dýrðir í hófinu sem stendur yfir í tæpar tvær klukkustundir og þekktir KR-ingar koma við sögu. Formaður afmælisnefndar, sjónvarpsmaðurinn **Bogi Ágústsson**, opnar hátíðina og Ellert B. Schram heldur ræðu. Um stjórntaumauna heldur síðan annar kunnur KR-ingur, Felix Bergsson.

Quiznos Sub

Nýbýlavegi 32

Lambasamloka með bernaise

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

Bífreiðaeigendur athugið!

Tímareimaskipti.
Bremsuviðgerðir.
Kúplingsviðgerðir.
Smurþjónusta.

Tímapantanir í síma
5355826

FRAMTAK
BLOSSI ehf

Drangahrauni 1 – 220 Hafnarfirði – Sími 535 5822

Biðlisti á sýningu Kynjakatta

„Áhuginn virðist vera aukast. Við höfum aldrei haft svona marga ketti skráða á sýninguna,“ segir Ása Björg Ásgeirsdóttir, sýningarstjóri á kattasýningu Kynjakatta. Fullt er orðið á sýninguna sem haldin verður helgina 14.-15. mars. Alls hafa 120 kettir verið skráðir til leiks nú þegar, sem er óvenjulega snemma.

Ása segir að fimm kettir séu nú þegar á biðlista og ef hægt er að kalla til aukadómara erlendis frá er von á að fleiri kettir komist að. Hins vegar séu dómarar bókaðir langt fram í tímann og því ekki víst hvað verði. „Fólk er meir og meir að uppgötva hreinræktaða ketti og af þeim má telja norska skógarketti, hina stórvöxnu Maine coon og Persa vinsælasta. Þetta eru stærstu hóparnir á sýningunni. Við erum einnig með nýjungar svo sem keppni öldunga, en það eru kettir sem eru eldri en sjö ára. Þessir eldri eru nefnilega svolítið erfiðari á sýningum og verri í skapi.“

Ása segist búast við hörkuspennandi keppni en gullköttur sýningarinnar, sá köttur sem flest stig hlýtur, fær titilinn Kynjaköttur ársins. Uni Jógvan, sá sem hlaut titilinn í fyrra, mun mæta aftur og reyna að hljóta náð fyrir augum dómnefndar.



UNI JÓGVAN MÆTIR AFTUR Kynjaköttur ársins 2008, Uni Jógvan, mætir aftur til keppni ásamt eiganda sínum, Hrund Gautadóttur. Hann er af Cornix rex-kyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

SJÖTTA SKOTMARKIÐ

NÝR SPENNUTRYLLIR EFTIR JAMES PATTERSON

Stjórnláus byssumaður og dularfull barnshvörf.
Lögreglukonan Lindsay Boxer glímir við tvö flókin mál
í æsilegu kapphlaupi við tímann í þessari sjöttu bók
James Patterson um Kvennamorðklúbbinn.

„Þeir sem hafa enn ekki lesið um
Kvennamorðklúbbinn eru að snuða sjálfa sig.“

BOOKREPORTER

„Með *Sjötta skotmarkinu* sýnir James Patterson
enn og aftur að hann er hörkurithöfundur og
skrifar æsispennandi sögur sem halda lesandanum
föngnum fram á lokasíðu.“

REVIEWING THE EVIDENCE

SÖKKTU ÞÉR Í SPENNU

TILRÆÐIÐ

ÓLGANDI SAGA FRÁ MIÐ-AUSTURLÖNDUM


Amin Jaafari er virtur skurðlæknir í Tel Aviv. Þau
kona hans eru palestínsk að ætterni en ísraelskir
ríkisborgarar, vel stæð og vinamörg – og hamingju-
söm. Það heldur Amin að minnsta kosti. Síðan
springur sprengjan sem tætir í sundur bæði
tilveru hans og sakleysi.

„Sterk skáldsaga sem vekur
lesandann til umhugsunar.“

THE GUARDIAN

„Ákall um frið.“

THE NEW YORK TIMES



frumútgáfa
Í KILJU



frumútgáfa
Í KILJU

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



BAKÞANKAR
Gerður Kristnýjar

Krúttin í bönkunum

Góð úttekt birtist í Morgunblaðinu í fyrradag. Þar fjallaði Strandakonan sterka, Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, um starfsreynslu þeirra sem unnu í bönkunum og sparisjóðunum fyrir hrún. Í ljós kom að 41 prósent þeirra bjó aðeins að fimm ára starfsreynslu eða jafnvel minna. Margir voru ákaflega vel menntaðir en starfsreynslan var samt ekki meiri. Við getum ímyndað okkur hvernig það væri að þurfa að leggjast undir hnífinn á spítala þar sem engin sérstök reynsla væri fyrir hendi þótt vissulega gæti starfsliðið státað af prófgráðum.

FYRIR stuttu sat ég fund með háttsettum bankamanni. Fundurinn var svo leynilegur að ég gæti átt von á að verða skotin úr launsátri inn um stofugluggann verði mér á að ljóstra upp um nafn mannsins. Ég get þó skýrt frá því að á þessum fundi sagði bankamaðurinn að á meðal þess sem komið hefði bönkunum í koll væri að þar hefði vantað heila kynslóð í starfsmannahópinn. Aldursbilið varð því allverulegt. Um tíma þótti óspennandi að vinna í banka og viðskiptafræðingar stormuðu annað í atvinnuleit. Líklega hafa árshátíðir bankanna verið hálf hjákátlegar í góðærinu. Þar hafa kátir krakkar ranglað um sali innan um fólk sem gat verið amma þess og afi. Foreldrarnir voru að reka fyrirtæki.

SAMA dag og úttekt Gunnhildar birtist var viðtal við Huguínu Jóhannesdóttur, forstöðumann Vinnuálastofnunar, í Fréttablaðinu. Þegar hún er spurð að því hvað henni finnst erfiðast við starfið segir hún að „mikið af þessu unga bankafólki“ eigi „um sárt að binda“. Ekki sé nefnilega nóg með að það hafi misst vinnuna og tapað eigin fjárfestingum í hlutabréfum, heldur hafi margir fengið foreldra sína til að fjárfesta og nú sé allt tapað. Hætt er við að mörg ferlingarveislan verði þegjandaleg í vor.

EN ÞAÐ hafa samt margir verið hálf forræðislausir í fjármálum á undanförunum árum. Að minnsta kosti var sagt frá því í Morgunblaðinu á fimmtudaginn að 664 á aldrinum 18-22 ára væru komnir á vanskilaskrá. Reynsla síðustu mánaða sýnir að það þarf að koma góðri fjármálakennslu inn í efstu bekkinn grunnskóla. Þar gæti verið hægt að hafa sama háttinn á og þegar Bubbi Morthens fór í skóla og sagði frá árunum sem hann eyddi í sukk. Það væri kannski ekki óvitlaus hugmynd að fá jafnvel nákvæmlega sama Bubbann til að segja nú frá fjármálasukkinu, jafn mælskur og hann nú er.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 16. febrúar, 47. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9.19	13.42	18.05
Akureyri	9.12	13.27	17.42

Heimild: Almanak Háskólans

Flugsæti, verð frá: 12.450kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar á hvern áfangastað. Athugið að flugvallarskattur getur verið mismunandi á milli áfangastaða.

Börn: 50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsskið af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur á völdum áfangastaðum.

Sumarið er komið!

Sumarbæklingur Iceland Express og Express ferða fylgir Fréttablaðinu í dag. Kynntu þér 18 spennandi áfangastaði okkar og frábærar pakkaferðir Express ferða. Allar nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandexpress.is og www.expressferdir.is

Iceland Express

með ánægju